

*Sigrún Ásta Jónsdóttir*

Talið er að leikföng hafi fylgt mannkyni um langan aldur. Það er hins vegar ekki alltaf gott að átta sig á því hvað er leikfang og hvað ekki. Leikföngin sjálf eru æðimisjöfn, allt frá því að vera lítill steinn upp í hinn flóknasta hlut. Þetta sjáum við enn í dag. Það sem skiptir máli er ímyndunarafli barnsins, hvað það getur látið hlutinn vera. Heilu sögurnar og ævintýrin spinnast í kringum bein og horn í huga barnsins sem leikur sér. Leikurinn er þó ekki fullkomlega afstæður, barnið er að bregðast við umhverfi sínu með einum eða öðrum hætti.

Sérstök saga barna hefur hingað til ekki tekið mikið rými í bókasöfnum enda hafa menn verið uppteknari af öðrum hliðum veruleikans. Áherslu-breyting er hins vegar að eiga sér stað og saga annarra en yfirvalda og góðbænda er orðin fullboðleg metnaðargjörnum sagnfræðingum. Þessi breyting felur einnig í sér að notkun heimilda verður með öðrum hætti en áður. Börn skilja sjaldnast eftir sig beinar heimildir. Sagnfræðingar verða því að uppgötva heim þeirra með öðrum aðferðum. Það er hér sem hlutir og minjar gætu farið að gegna stærra hlutverki en venja hefur verið.

Þjóðminjasafnið á fremur brotkennt safn leikfanga, enda eru leikföng kannski þess eðlis að þau eru notuð upp til agna, ganga milli systkina, skyldmenna og vina. Þó hafa safninu borist nokkrar góðar gjafir. Það sem hér er til skoðunar er úr tveim gjöfum, aðallega stelpuleikföng, enda komin frá tveim konum. Postulínsstellið og tesettið er frá Gunnhildi Ástu Steingrímsdóttur. Foreldrar hennar keyptu leikföngin erlendis um 1930 og færðu henni að gjöf.

Ingibjörg Ingadóttir kom færandi hendi með leikfangasafnið sitt sem hún lék sér með á sjötta áratugnum og voru nokkrir hlutir valdir úr.

Hér má sjá dúkkusafn, takið til dæmis eftir ljósum lökkum, rjóðum kinnum og týrólaklæðum. Þetta er

kannski dæmigerð ímynd hins hamingjusama barns. Ein prinsessa liggur í sérkennilegri vöggum sem minnir nokkuð á blómahengi og þar er ekki gert ráð fyrir að hún sé fjarlægð úr pöknum sínum. Einnig er brúðustell úr grænmaluðu blikki og sófasett í líkingu við þau húsgögn sem við þekkjum frá þessum tíma. Þá eru nokkur þroskaleikföng eins og talnagrind, myndkubbaspil með þekktum ævintýrum og nýu kassar þar sem hver passar ofan í þann næsta. Á kössunum eru m.a. myndir af dýrum, plöntum, fólki við störf og leik, verkfærum og leikföngum.

Þegar við skoðum þessa hluti í heild sjáum við í fyrsta lagi þann heim sem snýr að konum. Það er boðið upp á kaffi og te og hugað að börnum. Í öðru lagi hinn nýja tíma borgmenningar sem krefst annarrar þekkingar og orða en gamla bænda-samfélagið þar sem börnin bjuggu með legg og skel.

Leikföngin eru væntanlega að mestu innflutt en vera má að eitthvað hafi verið gert hérlendis. Í Ölpunum tíðkaðist til dæmis að laghentir byggju til leikföng og seldu. Fjöldaframleiðsla leikfanga kemur síðan með iðnvæðingunni.

Verksmiðjuframleidd og útlend leikföng þekkjast vart hér á landi fyrr en seint á síðustu öld, fyrst í bæjum en seinna til sveita. Innlend fjöldaframleiðsla leikfanga hefst um miðja þessa öld og nægir þar að nefna hina sívinsælu LEGO-kubba sem Reykjalundur hóf framleiðslu á og var lengi vel eina verksmiðjan utan Danmerkur sem hafði leyfi til slíkrar framleiðslu.

